



AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

Breytingar á skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði

17.03.2025



Aðalskipulagsbreyting þessi sem hlotið hefur málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, m.s.br, var samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

112088-01-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

IS

RÝNT

SOS, ÁJ

1 INNGANGUR

Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni er heimilað hærra nýtingarhlutfall á landbúnaðarlóðum sem eru 3 ha eða minni.

Sveitarfélagið vill með þessu koma til móts við lóðarhafa minni lóða þannig að bæði sé hægt að byggja íbúðarhús og hús fyrir minniháttar dýrahald eða atvinnustarfsemi.

2 AÐRAR ÁÆTLANIR

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar er einkum horft til stefnu í þeim áætlunum sem fjallað er um hér að aftan.

2.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar.

Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.

2.2 Gildandi aðalskipulag

Stefna fyrir landbúnaðarsvæði er sett fram í kafla 2.3.1.

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbúnaðarlands.
- Landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.

2.3 Samræmi breytingarinnar við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag

Breytingin er metin í samræmi við landsskipulagsstefnu og gildandi aðalskipulag.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á greinargerð, töflu 1 í kafla 2.3.1 um landbúnaðarsvæði. Nýtingarhlutfall er hækkað úr 0,03 í 0,05.

Skilmálar í gildandi greinargerð

LANDSTÆRÐ	HEITI	BYGGINGARMAGN	BYGGINGAHEIMILDIR
Allt að 3 ha	Skikar/lóðir	Nýtingarhlutfall 0,03 og að hámarki 3 hús.	Heimilt er að byggja íbúðarhús m/bílskúr, gestahús og skemmu/geymslu í samræmi við nýtingarhlutfall. Að öðru leyti gilda ákvæði um stakar byggingar sbr. kafla 2.3.8.

Skilmálar í breyttri greinargerð

LANDSTÆRÐ	HEITI	BYGGINGARMAGN	BYGGINGAHEIMILDIR
Allt að 3 ha	Skikar/lóðir	Nýtingarhlutfall 0,05 og að hámarki 3 hús.	Heimilt er að byggja íbúðarhús m/bílskúr, gestahús og skemmu/geymslu í samræmi við nýtingarhlutfall. Að öðru leyti gilda ákvæði um stakar byggingar sbr. kafla 2.3.8.

4 UMHVERFISÁHRIF

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Breytingin er metin hafa óveruleg/jákvæð áhrif á umhverfispætti. Heimiluð er meiri uppbygging á litlum lóðum og styður það við búsetu í dreifbýli og getur ýtt undir atvinnustarfsemi og þannig styrkt búsetu.

5 SKIPULAGSFERLI

Um er að ræða minni háttar breytingu sem verður grenndarkynnt íbúum og almenningi í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Aðalskipulagsbreytingin hlýtur málsmeðferð seinnipart vetrar og verður staðfest á vormánuðum eða í sumar.